

Reykjavík, 22. febrúar 2021

Umsögn Fjölmeningarráðs um stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030

Fjölmeningarráð vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og tillögum að umbótum við gerð stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030.

Eitt af meginmarkmiðum stefnunnar er að tónlistarnám sé valdeflandi fyrir nemendur og að aðgengi að tónlistarnámi í Reykjavík sé jafnt, óháð búsetu innan borgarinnar og öll aðstaða sé til fyrirmyndar. Við þennan lið má bæta að mikilvægt er að rýna þátttöku og aðgengi barna af erlendum uppruna að fjölbreyttu tónlistarnámi. Hér skapast tækifæri fyrir forvarnarstarfið og leið til að virkja þátttöku allra, því tónlist er alþjóðlegt tjáningarform og rífur niður hindranir sem tungumálið setur okkur. Fjölmeningarráð hvetur til að þessum málaflokki verði veittur sami áhugi og þátttaka barna af erlendum uppruna í íþróttum hefur fengið hjá borginni að undanfögnu. Hér þarf að skoða hvernig þátttakan er, hvað stendur í vegi fyrir aukinni þátttöku og hvort marktækur munur sé milli hverfa eða upprunalöndum.

Stefnan leggur áherslu á að Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að skapa aðstæður til að halda niðri þeim kostnaði sem leggst á foreldra vegna tónlistarnáms barna þeirra. Fjölmeningarráð telur rétt að áréttu að það eru ekki alltaf fjárhagslegar aðstæður sem koma í veg fyrir að börn af erlendum uppruna stundi tónlistarnám, en vissulega getur það verið mikilvægur þáttur. Þá er enn meiri ástæða til að bjóða þessum hópi inn í skólahljómsveitir, en þær eru ótrúlega öflugt jöfnunartæki þar sem börn geta fengið tónlistaruppeldi og félagslegan styrk án þess að það sé íþyngjandi fyrir foreldra þar sem starfið fer fram í hverfisskólum, hægt er að leigja hljóðfæri og þátttökugjöldin eru mjög lág. Á bls. 3 í skýrslu stýrihópsins undir kaflanum *forgangsáherslur* kemur fram að unnið verði markvisst að því að bæta aðstöðu skólahljómsveita, bæði í kennslurýmum í grunnskólum og æfingarýmum hljómsveita. Þessi áhersla er virkilega jákvæð, en sérstaka þarf að tryggja jafna möguleika barna til að stunda nám í skólahljómsveitunum án tillits til uppruna.

Skýrslan bendir á mikilvægi þátttöku foreldra og tekur Fjölmeningarráð undir það. Ráðið vill einnig benda á að hér skapast gífurlegt tækifæri til að ná til foreldra af erlendum uppruna með þátttöku barnanna þeirra að leiðarljósi. Saga tónlistar á Íslandi væri afar fátæk ef ekki væri fyrir framlag innflytjenda. Við vitum hversu mikilvægt það er fyrir börn að geta endurspeglad sig í jákvæðum fyrirmyndum og algerlega nauðsynlegt að gera framlag listamanna á heimsmælikvarða eins og Vladimir Ashkenazy, Viktor Urbancic eða Alina Dubik, að ógleymdum óskarsverðlaunahafanum Marketu Irglovu, herra undir höfði.

Fjölmeningarráð telur einnig rétt vekja athygli á því að á Íslandi er sterk kóramenning sem getur verið sérstök fyrir utanaðkomandi einstaklinga. Því er jákvætt að grunnskólar verði vettvangur lifandi tónlistarflutnings og að hverfiskórar verði starfandi fyrir börn og ungmenni, en að hafa ber í huga hvernig taka megi á móti einstaklingum af erlendum uppruna á þessum vettvangi og virkja alla til þátttöku. Ein leið væri að leggja meiri áherslu á fjölmeningarlega tónlist.